



Gæðamat í handver

-Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, listiðnaði og hönnun - Fyrirlesturinn var haldinn á veg



NOKKUR sýnishorn af verkum Guðnýjar.

Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar, hélt fyrirlestur um tækifæri atvinnulífsins í ferðaþjónustu, handverki, listiðnaði og hönnun á Kaffi Kró í hádeginu á föstudag. Fyrirlesturinn var haldinn á vegum Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Frétta og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Í framhaldi af fundinum var boðað til fræðslu- og vinnufundar í Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins. Auk Sunnevu voru þær Margrét Guðnadóttir, listiðnaðarmaður og Guðný Hafsteinsdóttir, leirlistamaður, en báðar hafa þær Margrét og Guðný tengsl við Eyjar.

Handverk og hönnun

Hádegisverðarfundurinn var mjög vel sóttur en þangað komu 35 manns þar sem Sunneva kynnti Handverk og hönnun sem var upphaflega stofnað til af forsætisráðuneytinu árið 1994 og var á vegum þess og fleiri ráðuneyta til ársins 2006. Þá þótti tímabært að leggja verkefnið niður en í byrjun árs 2007 var sjálfseignarstofnunin Handverk og hönnun stofnuð. Stofnfélagar eru 204 en sjálfseign-

arstofnunin sækir um fjármagn á hverju ári til fjárlaganefndar. Handverk og hönnun hefur unnið með nokkrum atvinnuráðgjöfum, menningarfulltrúum og símenntunarstöðvum um allt land og staðið fyrir sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur síðastliðin fimm ár sem hefur vakið mikla athygli.

Handverk og hönnun hefur unnið að útgáfumálum og er með heimasíðuna www.handverkoghonnun.is

Í allt 191 milljarður

Sunneva sagði að tölulegar niðurstöður rannsóknar á hagrænum áhrifum skapandi greina á Íslandi, sem nú liggja fyrir, leiði í ljós að skapandi greinar séu einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Virðisaukaskattskyld velta í greininni nam 191 milljarði árið 2009 og tæp 6% vinnuafllsins starfa við skapandi greinar. Á Norðurlöndunum og í Evrópu hefur sú þróun orðið að skapandi greinar teljast nú sjálfstæður atvinnuvegur og sýna rannsóknir jafnan og stöðugan vöxt, þrátt fyrir efnahagslægð. Fimm ráðuneyti og Íslandsstofa fjármögnuðu rannsóknina sem unnin er að frumkvæði sam-

ráðsvettvangs skapandi greina.

Skapandi greinar

Í rannsókninni eru skapandi greinar skilgreindar sem hér segir: „Sjónlistir: arkitektúr, hönnun (grafísk-, fata-, vöru- og innanhúshönnun), myndlist, listhandverk og handverk. Sviðslistir: leikhús, tónleikar, dans o.þ.h. Bækur og útgáfa: bókmenntir, fjölmiðlun, útgáfa (hefðbundin, sem og stafræn), bókasöfn, gagnavarsla o.þ.h.

Hljóð og mynd: sjónvarp, kvikmyndir, myndbönd, útvarp, tónlistarupptökur, auglýsingar og nýmiðlar (tölvuleikir, samskiptaforrit, netið, hringitónar, forrit fyrir farsíma o.þ.h.) Menningararfur: bæði áþreifanleg (staðir, byggingar, söfn, bókasöfn og gagnavarsla) og óáþreifanleg (hefðir, venjur, siðir, sögur o.þ.h.). Hluti ferðaþjónustu: Í rannsókninni er ferðaþjónusta sem mikilvægur þáttur sem hefur áhrif á öll fyrrnefnd atriði hvað varðar eftirspurn á nýjum menningararfurðum og vörum skapandi greina.“

Slóðin á heimasíðuna er: www.handverkoghonnun.is



TVÖ af verkum Margrétar.